



Minnisblað

Efni: Tillögur að breytingum í Grafarvogi – Framhald af fyrra minnisblaði frá 31.8.2020

Frá: Skipulag/Leiðakerfi, Strætó bs.

Til: Stjórn Strætó bs.

Dagsetning: 4.11.2020

Sjá má kort af tillögu [hér](#)

Haustið 2020 voru gerðar breytingar á grunnskólum í Grafarvogi sem höfðu meðal annars þau áhrif að nemendur sem búa í Staðahverfi sækja nú skóla í endurskipulögðum Engjaskóla og Víkurskóla. Í leiðakerfi dagsins í dag er fremur löng vegalengd fyrir eldri nemendur úr Staðahverfi að ganga frá stoppistöð við Egilshöll að Víkurskóla. Strætó bs. hefur lagt til breytingar í Grafarvogi þannig að leiðir 7, 18 og 6 breytist, m.a til að þjónusta skólaborn í Staðahverfi betur og til að þróa leiðanetið í átt að Nýju leiðaneti og undirbúa fyrstu skref í átt að Borgarlínuleið B.

Breytingarnar hafa verið settar upp í Trapeze leiðakerfisforriti Strætó og eru því komnir nákvæmari útreikningar á kostnaði. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði á pari við það sem hann er í dag.

Tafla 1 Áætlaður kostnaður og framkvæmdir sem þarf til að breytingarnar geti orðið. Uppfærð tafla eftir uppsetningu í Trapeze.


Rekstrarkostnaður ¹		Framkvæmdir	
Leið 7	Sambærilegur kostnaður og í dag	Nýjar stoppistöðvar	6-8 (fer eftir útfærslu)
Leið 18	Sambærilegur kostnaður og í dag, aukinn sveigjanleiki til að hlaða og nýta rafmangsvagna	Stoppistöðvar lagðar niður	8
Leið 6	Sambærilegur kostnaður og í dag	Vasar	1-2
		Gangbrautir	1-3 (fer eftir útfærslu)
		Aðstaða fyrir vagnstjóra	1

Tillögur að breytingum í Grafarvogi

Lagt er til að leið 7 aki um norðanverðan Grafarvog og nái þannig að tengja Staðahverfi við Engjaskóla og Víkurskóla. Við þá breytingu fer leið 7 að aka svipaða akstursleið og leið 18 ekur í dag í norður Grafarvogi. Því er lagt til að stytta leið 18 þannig að hún aki beint að Spöng eftir viðkomu við Egilshöll. Leið 18 hefur verið í tímaþröng og því er þörf á að stytta leiðina, enda ein lengsta leiðin í núverandi leiðakerfi. Þá er lagt til að breyta leið 6 samhliða þannig að hún aki eins í báðar áttir en í dag ekur hún sitthvora leiðina í og úr Grafarvogi. Með breytingu á leið 6 kemur sá möguleiki að komast í báðar áttir á milli Egilshallar og Spangar með leið 6 sem er ekki mögulegt í dag. Nánari útskýringar á breytingunum má finna í minnisblaði frá 31.8.2020 um Tillögur að breytingum í Grafarvogi.

Mynd 1 sýnir núverandi leiðakerfi og tillögu að nýju leiðakerfi í Grafarvogi. Hægt er að sjá tillöguna nánar hér: <https://platform.remix.com/map/84877fa?latlng=64.14858,-21.78409,14.052&layer=hifi>

¹ Gert er ráð fyrir sama vagnafjölda á öllum leiðum og litlum breytingum á klst í akstri.



Mynd 1 Efri myndin sýnir núverandi leiðakerfi. Neðri myndin sýnir tillögu að breytingum. Erfitt er að sjá að á efri myndinni (núverandi leiðanet) ekur leið 18 áfram norður eftir Víkurvegi og beygir inn Mosaveg. Á neðri myndinni (tillaga) beygir leið 18 inn Borgarveg eftir viðkomu við Egilshöll og endar í Spöng.

Leið 7

Í fyrstu útreikningum var gróflega áætlað að bæta þyrfti við vagni til að keyra eftir tillögunni. Eftir að hafa stillt tillögu að leið 7 upp í Trapeze leiðakerfisforriti Strætó hefur komið í ljós að ekki þarf að bæta við vagni (ef tímaáætlunir standast). Því er aukakostnaður vegna tillögunnar óverulegur. Aukamínútur sem bætast við rúmast flestar innan þess tíma sem nú þegar þarf að borga til verktaka vegna reglunnar um að borga þurfi fyrir fyrstu 10 mín af pásu.

Í dag er aksturstími fyrir leið 7 um 25 mín í hvora átt. Gert er ráð fyrir að aksturstími fyrir tillögu að leið 7 taki 28 mín í aðra áttina og 29 mín í hina áttina. Þetta þýðir að hægt er að halda leiðinni á tveimur vögnum en lítið má út af bregða svo að leiðin haldi áætlun þar sem einungis verður 3 mín slaki á hverri klst í stað 10 mín eins og leiðin er með í dag og því takmarkaður tími til tímajöfnunar. Þetta þýðir einnig að vagnstjórar fá afar takmarkaðann tíma til að fá sér kaffi eða komast á salernið á milli ferða.

Leið 18

Akstursleið fyrir leiðina styttist að einhverju marki. Aksturstími styttist um 4 mínútur í hvora átt. Fyrstu útreikningar gáfu vísbendingar um að fækka mætti um vagn. Eftir að hafa stillt tillögu að leiðinni upp í Trapeze reyndist það ekki vera möguleiki vegna mætinga í Ártúni. Að svo stöddu teljum við ekki fýsilegt að taka af tengingar í Ártúni á leið 18 þar sem leiðin er einungis á 30 mín tíðni utan annatíma og undanfarin sumur hefur leiðin verið á 30 mín tíðni allan daginn og gæti það því haft áhrif á fjölda farþega til hins verra ef tengingarnar yrðu teknar af.

Leið 6

Aksturstími er nánast eins í báðar áttir eftir breytinguna. Breytingin hefur ekki áhrif á kostnað. Mætingar utan annatíma haldast í Ártúni.

Tengingar við aðrar leiðir

Vert er að nefna að í dag eru 4 hverfi sem vilja góðar tengingar við aðrar leiðir með leið 7. Staðahverfi/Borgir vilja tengjast leið 6 í Spöng, Helgafellslandið í Mosfellsbæ vill tengjast við leið 15 í Háholti og Leirvogstunga í Mosfellsbæ vill tengjast við leið 15 við Háholt/Varmárskóla. Þetta á við í báðar áttir, þannig að um er að ræða óskir um 6 tengingar. Einungis er hægt að stilla kerfið þannig að eitt hverfi fái ósk sína uppfyllta um tengingu í eina átt og hefur það yfirleitt töluverð áhrif á tengingar fyrir hin hverfin sem ekki er stillt eftir. Ekki er mögulegt að stilla leiðirnar þanniga saman að allir fái ósk sína uppfyllta um tengingu. Með tveimur vögnum er því einungis hægt að hafa góða tengingu við eitt hverfi í eina átt. Stundum er hægt að stilla leiðinni upp þannig að þetta sé ekki slæmt fyrir Staðahverfi/Borgir og hugsanlega Helgafellsland en þá er tengingin yfirleitt mjög slæm fyrir Leirvogstunga. Þar sem einungis verður 3 mín slaki á hverri klukkustund er því lítið svigrúm til að stilla leiðina fyrir góðar tengingar við aðrar leiðir.

Við forgangsroðun á mætingum er gott að horfa til farþegafjölda á stoppistöðvum í hverfunum sem um ræðir. Tafla 2 sýnir inn- og útstig á dag í hverfunum sem um ræðir. Sjá má að flest inn- og útstig eru í Borgunum og þar á eftir koma inn- og útstig í Helgafellslandi. Gott er að taka fram að hægt er að taka Borgir og Staðahverfi saman þar sem mætingar gagnast báðum hverfum.


Tafla 2 Inn og útstig á dag eftir hverfum á virkum dögum árið 2019.

Hverfi	Innstig	Útstig	Samtals
Staðahverfi	39,2	31,3	70,5
Borgir	92,1	71,7	163,8
Helgafellsland	82,8	80,9	163,7
Leirvogstunga	37,5	50	87,5

Þegar horft er til íbúafjölda í hverfunum og núverandi notkun á biðstöðvum mælir Strætó með því að fogangraða tímasetningum á tengingum þannig að þær passi sem best við Staðahverfi/Borgir og Helgafellsland í þá átt sem flestir ferðast á hverjum tíma. Á morgnana gæti jafnvel verið best að láta Helgafellslandið passa með leið 7 við leið 15 í Háholti í átt að miðbæ þar sem leið 15 er á 15 mín tíðni en leið 6 er á 10 mín tíðni um morguninn. Á kvöldin mælum við með því að forgangurinn verði þannig að Staðahverfi/Borgir verði með forgang á tengingu við leið 6 heim í hverfi þar sem leið 6 er þá farin á 30mín tíðni.

Horft til framtíðar

Í Nýju leiðaneti er gert ráð fyrir að stofnleið aki að Helgafellslandi og að innanbæjarleið í Mosfellsbæ aki um Leirvogstungu og Reykjaveg. Næsta skref að breytingum í Mosfellsbæ væri þá að stytta leið 15 þannig að hún aki Helgafellslandið og lengja leið 7 þannig að hún aki Leirvogstungu og Reykjaveg.



Mynd 2 Fyrstu hugmyndir að Nýju leiðaneti í Mosfellsbæ.